

Viðtalsvísir

Opnar spurningar	Speglun	Staðfesting
<p>Segðu mér... Hvað, hvaða, hvernig.. Mig langar að heyra...</p> <p><u>Lýsing á barninu og áskorunum:</u> Segið mér frá barninu ykkar (að ykkar mati)? Mig langar að heyra meira um hvað þið teljið að þið þurfið stuðning við? Hvernig hafið þið tekist á við þessa erfiðleika áður?</p> <p><u>Ókostir við óbreytt ástand:</u> Hvernig líður þér með stöðuna eins og hún er í dag hjá X? Hvaða áhyggjur hefur þú af X?</p> <p><u>Kostir við breytingar:</u> Hvaða ávinning sérð þú ef þú myndir samþykkja samþættinguna? Hvernig myndi þér líða ef þú hefðir stuðning frá tengilið sem heldur utan um alla þræðina og tengir saman formleg kerfi?</p> <p><u>Þjartsýni á breytingu:</u> Hvað veldur því að þér finnst mikilvægt að breyta þessu núna? Hvað veldur því að þú telur að það sé góður tími fyrir breytingu núna? Hvað þyrfti til að auka trú ykkar á að þið getið haft áhrif á hegðun og líðan X?</p> <p><u>Áætlun:</u> Hvað myndir þú vilja gera?</p> <p><i>(Muna: þögn eftir spurningar, örva umhugsun, biðja um nánari útskýringar og dæmi)</i></p>	<p><u>Endurtaka</u> (hluta af því sem viðmælandi hefur sagt)</p> <p><u>Endurorða</u> (setja í önnur orð innihald/meiningu)</p> <p><u>Gefa endurgjöf á tilfinningalega þætti</u> með lýsingum, viðlíkingum...</p>	<p>Ræða jákvæða hluti sem foreldri/barn hefur gert eða ætlar að gera. Lyfta upp styrkleikum og sýna það sem ég kann að meta í fari foreldri/barn</p> <p><u>Jákvæð ummæli:</u> „þið hafið sýnt styrk í erfiðum aðstæðum“</p> <p><u>Tjá þakklæti:</u> „takk fyrir að treysta mér og deila þessu með mér“</p> <p><u>Draga athygli að e-hju jákvæðu sem foreldri/barn er að gera:</u> „Þú leggur þig virkilega fram við að...“</p> <p><u>Jákvæð endurgjöf:</u>“ Það er virðingarvert...”</p> <p><u>Tjá von, umhyggju, stuðning:</u> „Ég vona að þér gangi vel um helgina, þú ert með gott plan“.</p>